

113  
18. sept.

## Skipulagsskrá

fyrir Barnaskólasjóð Súðavíkurhrepps, staðfest af ráðgjafanum fyrir Ísland  
eftir skipun konungs 18. sept. 1893.

1. gr. Sjóðurinn er stofnaður af styrktarsjóði Súðavíkurhrepps og var með áföllnum vöxtum kr. 2012,38 31. desbr. 1892.

2. gr. Höfuðstóll sjóðsins skal ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands.

3. gr. Stjórn sjóðsins er í höndum sóknarnefndarinnar og sóknarprests-  
ins í Eyrarsókn í Seyðisfirði, en yfirumsjón sjóðsins hefur sýslunefndin í Ísa-  
fjarðarsýslu.

4. gr. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, heldur skal hann aukinn á þann hátt sem hjer segir:

a, Með því að leggja  $\frac{1}{4}$  árlegra vaxta ávallt við höfuðstólinn.

b, Með gjöfum, er sjóðnum kunna að verða gefnar í því skyni.

c, Með því að leggja við höfuðstólinn það af árstekjunum, er eigi kann að verða útbýtt.

5. gr. Tilgangur sjóðsins er að efla menntun ungmenna í Súðavíkur-  
hreppi. Skal  $\frac{3}{4}$  árlegra vaxta hans með þeim takmörkunum, sem nefndar eru  
í 7. og 8. gr., varið til kennslueyris fátækum börnum í Súðavíkurhreppi, er  
ganga í barnaskóla Súðavíkurhrepps.

6. gr. Foreldrar eða vandamenn barnanna sækja brjeflega um styrk þennan til stjórnar sjóðsins fyrir ágústmánaðarlok ár hvert; ákveður stjórnin, hve mörgum börnum skuli styrkur veittur og hve mikill hverju. En skilyrðin fyrir því, að geta orðið styrks þessa aðnjótandi eru:

a, að barnið sje ekki á sveit.

b, að það sje ekki yngra en 10 ára og ekki eldra en 14 ára.

c, að það sje vel bóklæst.

d, að það hafi numið í kristilegum barnalærdómi að minnsta kosti þriðjung þess, er ákveðið er að börn læri undir fermingu. Þetta skal sannað með vottorði frá sóknarprestinum.

7. gr. Þegar sjóðurinn er orðinn 5000 krónur má árlega verja allt að 50 krónum af árstekjum hans, til að styrkja fátækan, námfúsan pilt eða mey í Súðavíkurhreppi, er tekið hefur burtfararpróf við barnaskóla Súðavíkurhrepps með fyrstu aðaleinkunn, til að menntast á einhverjum gagnfræða- eða kvenna- skóla landsins. Sækja skal brjeflega um styrk þennan til stjórnar sjóðsins. Sjeu umsækjendur fleiri en einn ákveður stjórn sjóðsins hverjum þeirra veittur skuli styrkurinn.

8. gr. Stjórnendur sjóðsins taka á móti tekjum hans og inna af hendi útgjöld hans. Þeir semja árlega reikning um tekjur hans og gjöld og senda sýslunefndinni til endilegs úrskurðar. Reikninginn skulu þeir birta á prenti, skal kostnaður sá, er þar af leiðir, greiddur af árstekjum sjóðsins.

9. gr. Sýslunefndin í Ísafjarðarsýslu skal gæta þess, að skipulagsskrá sjóðsins sje ekki brotin.

10. gr. Með skipulagsskrá þessari er hin fyrri skipulagsskrá fyrir **113**  
barnaskólasjóð Súðavíkurhrepps úr gildi numin. 18. sept.

11. gr. Á skipulagsskrá þessari skal beiðast konunglegrar staðfestingar.

Vigur 24. jan. 1893.

*Sigurður Stefánsson.*

## Reikningur

114

fyrir styrktarsjóði Kristjáns konungs hins níunda

frá 1. september 1892 til 31. ágúst 1893.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar 1. september 1892 (Stj.tíð. 1892 B, 256. bls.):	
a, innritunarskírteini Ltra A fol. 84 . . . . .	kr. 8600,00
b, í landsbankanum með sparisjóðskjörum . . . . .	— 597,89 kr. 9197,89
2. Ársvextir af innstæðu sjóðsins:	
a, af innritunarskírteini til $\frac{11}{6}$ . '93 á $3\frac{1}{2}\%$ . . . . .	— 301,00
b, — innstæðu í landsbankanum til $\frac{31}{12}$ . '92 . . . . .	— 24,86 — 325,86
	Samtals kr. 9523,75

Gjöld:

1. Heiðursgjafir veittar:	
a, Jóni bónda Skúlasyni á Söndum í Miðfirði . . . . .	kr. 140,00
b, Magnúsi bónda Þórarinssyni á Miðhúsum í Garði —	140,00 kr. 280,00
2. Eptirstöðvar 31. ágúst 1893:	
a, innritunarskírteini Ltra A. fol. 84 . . . . .	— 6800,00
b, í landsbankanum með sparisjóðskjörum . . . . .	— 643,75 — 9243,75
	Samtals kr. 9523,75

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 1. október 1893.

**Magnús Stephensen.**

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins í Norðuramtinu og Austuramtinu um 115**  
**breyting á reglugjörð Eiðaskólans.** — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, 11. okt. herra amtmaður, dags. 2. f. m. vil jeg hjer með staðfesta þá breyting á reglugjörð fyrir búnaðarskólann á Eiðum, dags. 11. desbr. 1888, sem sýslunefndirnar í Múlasýslum hafa samþykkt og amtsráð Austuramtsins fallizt á, að skólastjóri hafi eptirleiðis fæði af skólanum auk þeirra launa og hlunninda, sem tiltekin eru í 17. gr. reglugjörðarinnar, þannig að orðið »fæðis« bætist inn í nefnda grein á eptir orðinu »húsnæðis«.

Þetta tilkynnist yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og þess vegna fyrir hlutaðeigendum.